

DJÁKNINN Á

MYRKÁ

SAGAN SEM ALDREI VAR SÖGÐ

Hryllilegt gamanverk byggt á þekktustu draugasögu Íslandssögunnar.

SÝNT Í SAMKOMUHÚSINU

23. OG 24. MAÍ 2019

SÝNINGIN ER SAMSTARFSVERKEFNI MIÐNÆTTIS
OG LEIKFÉLAGS AKUREYRAR



MIDNÆTTI

MIDNÆTTI er leikhópur skipaður leikkonunni og leikstjóranum **Agnesi Wild**, tónlistarkonunni **Sigrúnu Harðardóttur** og leikmynda- og búningahönnuðuðinum **Evu Björgu Harðardóttur**. Það er mikill styrkur hópsins að vera skipaður meðlimum úr mismunandi áttum listarinnar en í verkefnum Miðnættis haldast þessi ólíku svið í hendur og gegna hvert um sig mikilvægu hlutverki, allt frá fallegri og vandaðri hönnun til samspils leiklistar og tónlistar.

Í sýningunni *Djárninn á Myrká - sagan sem aldrei var sögð* fær Miðnætti til liðs við sig leikarana **Birnu Pétursdóttur** og **Jóhann Axel Ingólfsson**.

Fyrri verk Miðnættis hafa meðal annars verið brúðsýningin *Á eigin fótum* sem hlaut tvær tilnefningar til Grímuverðlaunanna 2017. Sú sýning hefur vakið mikla athygli utan landsteinanna, nú þegar hefur hópurinn ferðast til Grænlands með leiksýninguna og strax eftir frumsýningu á Djákninum á Myrká heldur hópurinn til Póllands og í október er förinni heitið til Eistlands. Einnig má nefna tónleikhúsið *KVÖLDVAKA* sem hefur verið sýnt víða um landið og í Portúgal. Um síðustu jól framleiddi RÚV í samstarfi við Miðnætti sjónvarpsþættina *Týndu jólin* með álfunum Þorra og Þuru.

Heimasíða Miðnættis: www.midnaetti.com.

Djárninn: „Brjóstin og mjaðmirnar æra mig!“



Ingibjörg: „Ómægat Guðrún! Varstu búin að heyra af nýja djákninum á Myrká. Stelpurnar voru að segja mér að hann væri ótrúlega fimur í fingrunum.“



Guðrún:

Hempuklæddur herrans þjónn
hendurnar svo fimar.
Um mig leikur ljúfur tónn,
lauslega mig svimar.

UM SÝNINGUNA

Í Hörgárdal er kirkjustaðurinn Myrká. Sagt er að fyrr á öldum hafi þar búið ungur djákni er þjónaði kirkjunni. Hann átti vingott við unga stúlku, vinnukonu á prestssetrinu Bægisá. Hún hét Guðrún, en hvergi er getið um nafn djáknans.

En hver var þessi djákni?

Hver er saga hans?

Hver var Guðrún?

Og hvað með alla hina?

Djárninn á Myrká – sagan sem aldrei var sögð er hryllilegt gamanverk fyrir alla fjölskylduna, byggt á frægustu draugasögu Íslandssögunnar, Djákninum á Myrká. Þjóðsagan sjálf er ekki nema um þrjár blaðsíður að lengd, en sýningin er um 60 mínútur.

Í leikverkinu er lesið á milli línanna, skáldað í eyðurnar og hulunni svipt af ýmsu fróðlegu og skemmtilegu sem tengist

sögunni. Þótt djárninn og Guðrún séu vissulega aðal söguhetjurnar eru ýmsar aðrar skemmtilegar persónur sem leika mjög mikilvægt hlutverk í framvindu sögunnar, en leikarar sýningarinnar skipta með sér öllum hlutverkum sem eru um 20 talsins!

Sýningin er unnin með svokallaðri „samsköpunar“ aðferð (en. devised) en þar vinnur hópurinn allur saman að því að búa til leikritið frá grunni. Ýmsar aðferðir eru notaðar í sköpunarferlinu, m.a. spuni og rannsóknarvinna. Bæði leikarar og listrænir stjórnendur taka þátt í öllu ferlinu. Sagan er skoðuð frá öllum mögulegum sjónarhornum, karakterar fæðast og stíll mótast. Í þessu tilfalli hefur hópurinn fundið ýmsar kómískar hliðar á sögunni svo úr varð sprenglægilegur en jafnframt hrollvekjandi gamanleikur. Tónlistin er í öllum mögulegum stílum og er sérstaklega samin fyrir verkið.

Verkefnið er partur af Gróðurhúsaverkefnum MAk.

TEYMIÐ

Handrit og söngtextar: Agnes Wild og leikhópurinn

Leikarar: Birna Pétursdóttir
Jóhann Axel Ingólfsson

Leikstjórn: Agnes Wild

Tónlist og hljóðmynd: Sigrún Harðardóttir

Leikmynd og búningar: Eva Björg Harðardóttir

Lýsing: Lárus Heiðar Sveinsson

Smiður: Ingvar Guðni Brynjólfsson

Aðstoð við búninga: Heiðrún Ósk Ólafsdóttir
Soffía Margrét Hafþórsdóttir

Aðstoð við sviðsmynd: Einar Rúnarsson

Hljóð- og ljósastjórn: Lárus Heiðar Sveinsson

Ljósmyndir: Solla Matt

Auðunn Níelsson

Sérstakar þakkir: Arnar Pálsson og Kristjánsbakarí

Árni Thor Theodorsson

Dansstúdíó Alice

Gunnar Sigurbjörnsson

Katrín Mist Haraldsdóttir

Marta Nordal

María Pálsdóttir

María, Brynhildur og Dóra

Þórunn Geirsdóttir



Presturinn á Bægisá: „Prestbjáninn á Myrká fær allt sem hann biður um, hann vildi nýjar grátur og fékk hann þær? Já! Hann vildi mjúkar sessur í bekkina og fékk hann þær? Já!“



Guðrún: „Nennirðu bara plís að spila eitthvað annað lag!“



Ása: „Þú trúir því aldrei hvað Eyþór vinnumaður var að segja mér!“

LISTRÆNIR STJÓRNENDUR OG LEIKARAR

Agnes Wild lauk BA námi í leiklist frá East 15 acting school í London árið 2013. Hún hefur leikstýrt öllum verkefnum Miðnættis en meðal annarra verkefna má nefna *Fokkað í Fullveldinu* á vegum fullveldishátíðar og Þjóðleikhússins (2018), *Shrek* og *Legally blonde* fyrir Kvinnaskólann (2018 og 2017), *Krúnk krúnk og dirrindí* fyrir Menningarfélag Akureyrar (2018) og *Elska* með leikhópnum Artik sem sýnt var í Hofi (2016). Árið 2015 var Agnes aðstoðarleikstjóri í sýningunni *Í Hjarta Hróa Hattar* í Þjóðleikhúsinu. Agnes er einn stofnenda leikhópsins Lost Watch theatre sem starfar í London.

Birna Pétursdóttir lauk BA námi í leiklist frá Rose Bruford College í London 2012. Hún er einn stofnenda leikhópsins Umskiptinga, en hópurinn var tilnefndur til Grímunnar 2017. Birna hefur undanfarin ár unnið mikið í dagskrárgerð fyrir sjónvarp, framleiðslu og blaðamennsku, samhliða leiklistarkennslu og leikritun. Birna hefur leikið hjá Leikfélagi Akureyrar í vetur, bæði í söngleiknum *Kabarett* og barnasýningunni *Gallsteinum afa Gissa*.

Eva Björg Harðardóttir lauk MA námi í leikmynda- og búningahönnun frá University of the Arts London árið 2016. Eva Björg hefur hannað búninga og leikmyndir fyrir öll verkefni Miðnættis. Meðal annarra verka sem Eva Björg hefur hannað eru sýningin *Krúnk krúnk og dirrindí* fyrir Menningarfélag Akureyrar (2018), *Them* með Spindrif

Theatre (2018), *Fokkað í Fullveldinu* á vegum fullveldishátíðar og Þjóðleikhússins (2018), *Róló* með Sirkus Íslands (2017), *Framhjá rauða húsinu og niður stigann* með leikhópnum Umskiptingum (2017) og *Elska* með leikhópnum Artik (2016). Einnig hefur Eva Björg starfað við kvikmyndagerð og sviðssetningar fyrir heimildarþætti.

Jóhann Axel Ingólfsson útskrifaðist sem leikari frá Stella Adler Studio of Acting í New York vorið 2016. Haustið 2016 lék hann í verkinu *Elska – ástarsögur* Norðlendinga sem leikhópurinn Artic setti upp og sýnt var í Hofi. Árið 2017 lék hann í gamanleiknum *Sjeikspír eins og hann leggur sig* hjá Leikfélagi Akureyrar og í vetur hefur Jóhann leikið Krumma í *Krúnk Krúnk og Dirrindí*, Ernzt Ludwig í söngleiknum *Kabarett* og ýmis hlutverk í barnasýningunni *Gallsteinum afa Gissa* hjá Leikfélagi Akureyrar.

Sigrún Harðardóttir lauk BMus frá Listaháskóla Íslands 2011 og MMus gráðu í tónlist frá University of Denver 2014. Sem fiðluleikari hefur hún spilað með tónlistarhópum á borð við Skark, Caput, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Björk og Ólafi Arnalds, en með honum hefur hún spilað á tónleikum víða um heim, m.a. Í Óperuhúsinu í Sidney og Elbphilharmonie í Hamburg. Sigrún er stofnmeðlimur kammerhópsins Cauda Collective og hefur samið alla tónlist í verkum Miðnættis.

*Sigurlaug: „Sérðu Bergur, þarna ofan við túnið, flokkur af fólki
ríðandi á hestum. Hverjir ætli þetta séu Bergur minn?“*

